

04.03.2019



GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

Alþingi

við Austurvöll

101 Reykjavík

b/t. Umhverfis- og samgöngunefndar

nefndasvid@althingi.is.

Gagnaveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
Kt. 691206 3780
Sími: 516 7777

ljosteidarinn.is

EFNI: Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta, 639. mál.

Í frumvarpi því sem umsögn þessi varðar felst mótun á lagaumhverfi er varðar grundvöll og tilhögun uppbyggingar á háhraða fjarskiptanetum og þar með grundvöll fjarskipta og fjarskiptaþjónustu landsmanna til langs tíma.

Ekki þarf að fjölyrða um hvert vægi fjarskipta er fyrir samfélagið í dag. Hitt er að mikilvægi fjarskipta mun aukast enn meira í nánustu framtíð. Svokölluð fjórða iðnbylting er hafin og stjórnvöld með forsætisráðherra í fararbroddi hafa þegar fjallað um hver möguleg áhrif hennar kunni að verða á íslenskt samfélag.¹ Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á nánast öllum sviðum samfélagsins á næstu árum og ljóst að einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir og ekki síður margs konar tækni og sjálfvirkur búnaður mun í stóru auknum mæli reiða sig á örugg og öflug háhraða fjarskiptanet.

Háhraða fjarskiptanet eru að verða forsenda þess að hægt sé að tryggja aðgang að nánast allri grunnþjónustu samfélagsins, heilbrigðisþjónustu, menntun og aðgangi að kennslu óháð búsetu, stjórnsýslu og þjónustu hins opinbera, banka- og fjármálaþjónustu, fjölmiðlum, samfélagsmiðlum, afþreyingu af ýmsu tagi svo og aðgangi að verslun og þjónustu. Þá mun stóraukin sjálfvirknivæðing, sem meðal annars mun fela í sér margföldun á samskiptum ýmis konar búnaðar og þjónustu grundvallast á öruggum háhraða fjarskiptanetum.

Uppbygging auki öryggi fjarskiptaþjónustu

Í ljósi þessa öðlast sjónarmið um öryggi og áreiðanleika fjarskiptaneta annað og meira vægi en áður var. Minnháttar rof eða truflanir á fjarskiptum getur haft miklar og ófyrirséðar afleiðingar í för með sér. Vegna þessa verður lögjafinn að huga vel að því að lagarammi hvetji til uppbyggingar og

¹ Sjá fréttatilkynningu frá Stjórnarráði Íslands, <https://www.stjornarradid.is/verkefni/visindi-nvskopun-og-rannsoknir/island-og-fjorda-idnbyltingin/>. Sjá einnig skýrsluna „Ísland og fjórða iðnbyltingin“ gefin út af Stjórnarráði Íslands og forsætisráðuneytinu í febrúar 2019. Um mitt ár 2018 skipaði forsætisráðherra nefnd um fjórðu iðnbyltinguna. Markmiðið með skipan nefndarinnar er að greina frá umræðu um fjórðu iðnbyltinguna á alþjóðavettvangi, afleiðingar hennar fyrir íslenskt samfélag og tækifæri Íslands í þessum breytingum. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=03be6340-3bfc-11e9-9436-005056bc4d74>.



fjárfestinga í fjarskiptanetum, og innviðum fyrir þau, sem hvorttveggja tryggja samfellu og öryggi. Með fjölgun sjálfstæðra fjarskiptaneta eykst öryggi fjarskipta. Til marks um það mikilvægi þessa færast sífellt í aukana að fyrirtæki og stofnanir tengist að minnsta kosti tveimur óháðum og sjálfstæðum fjarskiptanetum til að tryggja rekstraröryggi og samfellu í þjónustu, fari svo að annað netið bili eða verði óvirkt. Mikilvægt er að lagaumhverfið hvetji til uppbyggingar sjálfstæðra fjarskiptaneta en hvetji ekki til samþættingar eða aðgangskvaða að virkum háhraðanetum sem kann að leiða til minni uppbyggingar og færri fjarskiptaneta.

Uppbygging leiði til virkrar samkeppni á fjarskiptamörkuðum og betri þjónustu við neytendur

Önnur grundvallarforsenda er að löggjöf og stefna stjórnvalda verður að hvetja til fjárfestinga í fjarskiptanetum og fjarskiptakerfum sem leiðir af sér markaðsgerð sem einkennist af samkeppni á öllum mörkuðum fjarskiptaþjónustu, bæði á heildsölustigi fjarskiptaþjónustu og smásölustigi, þ.e. þeim markaði sem snýr að notendum fjarskiptaþjónustu. Þetta ræður úrslitum um hvort notendur fjarskiptaþjónustu munu í framtíðinni hafa aðgang að fjarskiptaþjónustu á verðum og að gæðum sem mótast af virkri samkeppni milli þeirra sem bjóða slíka þjónustu en að ekki liggi í grunngerð markaða hindranir eða aðstöðuleysi sem leiði til fákeppni og samþjöppunar. Vægi þessa er enn meira fyrir samfélag sem reiðir sig á fjarskiptanet og fjarskiptaþjónustu til að sinna nánast öllum þáttum daglegs lífs svo sem heilbrigðisþjónustu, menntun, bankaviðskiptum, verslun og þjónustu. Við aðstæður þar sem eftirspurn eftir fjarskiptaþjónustu verður mikil, verður að tryggja uppbygging fjarskiptaneta sem leiða til framboðs á fjarskiptaþjónustu fjarskiptamarkaði sem aftur leiðir til raunverulega valkosta fyrir neytendur.

Markmið innviðatilskipunarinnar og frumvarpsins er að hvetja til fjárfestinga í háhraðanetum

Frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta er mikilvægur þáttur í að ná framangreindum markmiðum. Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/61/ESB, frá 15. maí 2014, um ráðstafanir til að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða rafrænum fjarskiptanetum (hér eftir kölluð „innviðatilskipunin“) á grundvelli EES-samningsins.

Markmið innviðatilskipunnarinnar eru nokkur. Mikilvægasta markmiðið er að hvetja til fjárfestinga í fjarskiptanetum og lækka kostnað við uppbyggingu þeirra. Lækkun stofnkostnaðar með samnýtingu innviða mun lækka verulega fjárfestingarkostnað. Fleiri aðilar á markaði munu sjá sér hag í því að byggja upp sjálfstæð háhraða fjarskiptanet sem aftur leiðir til aukinnar samkeppni með tilheyrandi fjölbreytni í þjónustu og valkostum fyrir neytendur.

Þá leitast tilskipunin við að leita jafnvægis milli eignarhalds og fjárfestinga í fjarskiptanetum annars vegar og aðgangs þriðja aðila að innviðum hins vegar. Í því sambandi verður að leita jafnvægis milli



sjónarmiða um rétt til aðgangs að háhraða fjarskiptaneti í eigu markaðsaðila og þess að lögbundnar aðgangskvaðir letji ekki aðila á markaði til að fjárfesta og byggja upp eigin háhraða fjarskiptanet. Hvati til að fjárfesta í háhraða fjarskiptanetum og hvati til að lána fé til fjárfestinga í slíkum netum er forsenda þess að hægt sé að fjármagna uppbyggingu fjarskiptamarkaða og tryggja langtíma hagsmuni samfélagsins og neytenda. Slíkt framboð verður ekki tryggt nema með auknum fjárfestingum í grunninviðum fjarskiptaneta.

Í þeim tilfellum þar sem tilskipunin telur þörf á að veita aðgang að innviðum byggir tilskipunin á þeim sjónarmiðum að aðgangsbeiðni að innviðum verði að vera eðlileg og sanngjörn. Þetta sjónarmið kemur ítrekað fram í texta tilskipunarinnar og er frekari árétting á þeim grundvelli að langtímahagsmunir samfélagsins séu best tryggðir með því að samkeppnisaðilar á markaði og lánveitendur sjái sér hag í því að fjárfesta og stuðla að uppbyggingu fjarskiptaneta.

Markmið tilskipunarinnar er að styðja við hagkvæma uppbyggingu og samnýtingu innviða fyrir meðal annars fjarskiptanet. Það er meðal annars gert með því að einblína á innviði. Innviðatilskipuninni er ekki ætlað að haggja efnisreglum fjarskiptalaga, hvorki á Íslandi né í Evrópu. Henni er ætlað að stuðla að hagkvæmri uppbyggingu innviða undir háhraða fjarskiptanet og þannig ná niður eins og frekast er hægt, kostnaði við uppbyggingu þeirra.

Greinarmunur á virkum fjarskiptanetum og óvirkum þáttum fjarskiptaneta (efnisleg grunnvirki)

Tilskipunin gerir skýran greinarmun á milli virkra fjarskiptaneta annars vegar og innviða sem hýst geta virk fjarskiptanet hins vegar. Þennan greinarmun er gott að hafa huga þegar kostnaður við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum er sundurliðaður.² Um 80-85 prósent af kostnaði sem fellur til við að byggja upp fjarskiptanet liggur í vinnu og framkvæmdum við innviði, þ.e. skurðgröft, jarðvinnuframkvæmda, bygginga sem hýsa fjarskiptabúnað, uppsetningu skápa, mastra, og götulagna svo nokkuð sé nefnt. Kostnaður við hin eiginlegu fjarskiptanet er um 15-20 prósent af kostnaðinum. Ef borinn er saman kostnaðurinn við framangreinda innviði og ljósleiðaraþráðinn sem fer í umrædda innviði þá væri mögulega hægt að kaupa um 5.000 metra af ljósleiðara fyrir sama verð og 1 metra af vinnu og efni við framangreinda innviði.

² Sjá m.a. 7. og 8 málsgrein inngangsorða tilskipunarinnar, þar sem segir: "

"(7) The roll-out of high-speed fixed and wireless electronic communications networks across the Union requires substantial investments, a significant proportion of which is represented by the cost of civil engineering works. Limiting some of the cost-intensive civil engineering works would make broadband roll-out more effective."

"(8) A major part of those costs can be attributed to inefficiencies in the roll-out process related to the use of existing passive infrastructure (such as ducts, conduits, manholes, cabinets, poles, masts, antenna installations, towers and other supporting constructions), bottlenecks related to coordination of civil works, burdensome administrative permit granting procedures, and bottlenecks concerning in-building deployment of networks, which lead to high financial barriers, in particular in rural areas." Sjá einnig t.d. 13., 24. málsgrein inngangsorða, og 4. tl. 2. mgr. 1. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar. ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/61/oj>.



Með því að frumvarpið felur í sér stofnun vettvangs sem gerir kleift að samnýta framkvæmdir og innviði með skipulegum og kerfisbundnum hætti til þess að ná framangreindum kostnaði niður, ekki bara vegna framkvæmda fjarskiptafélaga, heldur einnig allra veitufyrirtækja s.s. vatnsveitna, rafmagnsveitna og annarra innviðafyrirtækja, verður stígið stórt skref í því að minnka stærstu hindrun í vegi þess að koma á fót öflugum samkeppnismarkaði á sviði fjarskipta um allt Ísland. Langtímahagsmunir samfélagsins eru að samkeppni á sviði fjarskipta nái til sem flestra staða á landinu. Á þeim stöðum þar sem markaðsbrestur er má leiða líkur að því að önnur úrræði geti tryggt aðgang íbúa að fjarskiptum, s.s. aðkoma fjarskiptasjóðs og kvaðir sem Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt á eiganda háhraðanets á slíkum stöðum. Hins vegar eru langtímahagsmunir samfélagsins og ekki síst almennings, að alls staðar þar sem því verður komið við að hvatt sé til uppbyggingar á fjarskiptanetum sem standi sjálfstæð og óháð í samkeppni á virkum fjarskiptamarkaði.

Huga þarf að samræmingu við komandi reglur um fjarskiptamarkað

Evrópuþingið samþykkti nýlega svokallaða EECG tilskipun³ (e.European Electronic Communications Code) sem felur í sér markmið og reglur um fjarskiptamarkaðinn á Evrópska efnahagssvæðinu. Með tilskipuninni hefur farið fram endurskoðun á því regluverki sem er að finna í fimm tilskipunum EB⁴ um fjarskiptamarkaðinn í ljósi tækniþróunar, breytinga á mörkuðum og þörfum neytenda og öðrum notendum fjarskipta. Einn megintilgangur EECG tilskipunarinnar er að hvetja til fjárfestinga í háhraðanetum og jafna aðstöðumun milli fjarskiptafyrirtækja og svokallaðra OTT-þjónustuaðila.⁵ Í tilskipuninni er einnig kveðið á um aðgang að fjarskiptanetum. Er meðal annars byggt á sjónarmiðum um að áfram verði byggt á því, líkt og gert er í núverandi lögum um fjarskipti, að yfirvöld í hverju aðildarríki hafi áfram það hlutverk að greina fjarskiptamarkaðinn reglulega, leggja mat á hvort samkeppni sé á viðkomandi mörkuðum og hvort einhverjir á markaði teljist hafa umtalsverðan markaðsráðandi styrk. Er miðað við að stjórnvöld geti lagt kvaðir á markaðsaðila sem taldir eru hafa umtalsverðan markaðsráðandi styrk um aðgang að netum í þeirra eigu og umráðum. Slíkur aðgangur fer þá fram á grundvelli samkeppnislegs mats og lagaramma um fjarskipti.

Í þessu sambandi er vert að benda á 3. mgr. 61. gr. EECG tilskipunarinnar sem fjallar sérstaklega um aðgang að fjarskiptanetum fjarskiptafyrirtækja sem starfa eingöngu á heildsölumarkaði. Er þar kveðið á um að við mat á hvort krafa um aðgang að fjarskiptaneti fjarskiptafélags sé sanngjörn og eðlileg, t.d. krafa um dýpri aðgang að netum, er lagt mat á hvort fjarskiptafyrirtæki bjóði opinn aðgang að

³ Directive (EU) 2018/1972 of the European Parliament and of the Council of 11 December 2018 establishing the European Electronic Communications Code (Recast)Text with EEA relevance, OJ L 321, 17.12.2018, bls. 36–214.

⁴ Þ.e. tilskipununum nr. 2002/19/EC (aðgangstilskipunin), nr. 2002/20/E * (heimildartilskipunin), nr. 2002/21/EC (rammatilskipunin), nr. 2002/22/EC (alþjónustutilskipunin) og tilskipun 2002/58/EC (friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti). Sjá inngangsorð tilskipunarinnar, <http://data.europa.eu/eli/dir/2018/1972/oj>. Efni framangreindra tilskipana hefur verið leitt í lög á Íslandi með fjarskiptalögum nr. 81/2003.

⁵ OTT- er skammstöfun fyrir „Over-the-Top“ fyrir afhendingu á sjónvarpsfönu yfir internetið án þess að notendur þurfi að vera í hefðbundinni áskrift hjá fjarskiptafyrirtæki sem veitir sjónvarpsþjónustu yfir sérstakan myndlykil. Dæmi um OTT-þjónustu er Netflix, Hulu, Spotify og aðrar steymisþjónustur.



fjarskiptaneti í eigu þess sem kemur til móts við þarfir annars aðila um aðgang að neti. Gagnaveita Reykjavíkur hefur starfrækt opið heildsölunet í anda þessa um árábil þar sem fjarskiptafyrirtækjum á smásölustigi er veittur opinn aðgangur að fjarskiptaneti Gagnaveitunnar en aðgangurinn sem Gagnaveitan veitir tryggir fjarskiptafélögum óheftan aðgang að markaðinum. Að sama skapi tryggir opna net Gagnaveitunnar að neytandi getur valið úr fjölda fjarskiptafyrirtækja og skipt milli þeirra án mikils kostnaðar. Dýpri eða annars konar aðgangur að neti Gagnaveitunnar, t.d. í formi aðgangs að svörtum ljósleiðara, myndi koma í veg fyrir að Gagnaveitan gæti boðið öðrum fjarskiptafyrirtækjum á smásölumarkaði framangreindan aðgang. Auk þess myndi slíkur aðgangur kollvarpa tæknilegri uppbyggingu og fjárfestingu félagsins. Þó hægt væri tæknilega að koma við aðgangi að svörtum ljósleiðara, fæli það óhjákvæmilega í sér mikinn kostnað sem neytendur á endanum þurfa að greiða. Auk þess felur yfirtaka á svörtum ljósleiðara í sér að Gagnaveitan gæti ekki lengur boðið öðrum afnot af opnu neti félagsins.

Aðgangur að svörtum ljósleiðara gengur gegn hagsmunum notenda fjarskiptaþjónustu

Þeim sjónarmiðum hefur verið haldið á lofti í tengslum við frumvarpið að aðgangur að svörtum ljósleiðara sé mikilvæg forsenda þess að byggja upp öflugan fjarskiptamarkað. Þvert á móti mundi slík heimild, yrði hún lögfest, fela í sér óvissu um arðsemi fjárfestinga í háhraða fjarskiptanetum og þeim möguleika að fjarskiptanet verði hreinlega yfirtekin af samkeppnisaðila. Slíkur aðgangur mun óhjákvæmilega leiða til þess að færri myndu sjá sér hag í uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta, valkostum myndi þannig fækka og samkeppni myndi minnka. Með vísan til þessa og þeirra sjónarmiða sem vikið var að hér að framan má augljóst vera hvers vegna það er sérstaklega tekið fram í texta innviðatilskipunarinnar að hún taki ekki til svarts ljósleiðara (e. dark fiber).⁶ Þetta er einnig ástæða þess að sérstaklega er tekið fram í frumvarpinu sem lagt var fyrir Alþingi í 1. tl. 1. mgr. 2. gr.⁷ að svartur ljósleiðari er ekki hluti af efnislegu grunnvirki í skilningi frumvarpsins.

Aðgangur að svörtum ljósleiðara er, með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið, hvorki samkeppni á sviði fjarskipta til framdráttar né hvati til fjárfestinga í ljósleiðara. Slíkur aðgangur mun frekar leiða til aukinnar samþjöppunar og letja fjárfestingar í háhraða fjarskiptanetum. Þá verður að gjalda varhug við því að koma á lagaumhverfi þar sem fjarskiptafyrirtækjum, sem sýnt hafa framsýni og unnið að uppbyggingu á fjarskipta- og ljósleiðaranetum til þess að geta mætt þörfum

⁶ Sjá 2. tl. 2. mgr. 2. gr. innviðatilskipunarinnar, þar sem hugtakið "**efnislegt grunnvirki**" (e. physical infrastructure) er skilgreint, en þar segir: "**physical infrastructure** means any element of a network which is intended to host other elements of a network without becoming itself an active element of the network, such as pipes, masts, ducts, inspection chambers, manholes, cabinets, buildings or entries to buildings, antenna installations, towers and poles; **cables, including dark fibre**, as well as elements of networks used for the provision of water intended for human consumption, as defined in point 1 of Article 2 of Council Directive 98/83/EC (13) **are not physical infrastructure within the meaning of this Directive**". Sjá ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/61/oj>.

⁷ Sjá 1. tl. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins en þar segir: „**Efnislegt grunnvirki**: Netþáttur sem er ætlað að hýsa aðra netþætti án þess að verða sjálfur að virkum þætti í netinu, svo sem rör, möstur, lagnir, brunnar til að sinna eftirliti, mannop, tengikassar, byggingar eða inngangar að byggingum, loftnetsbúnaður, turnar og súlur. **Hins vegar eru kaplar, þar á meðal svartur ljósleiðari**, sem og netþættir sem eru notaðir til að afhenda neysluvatn, eins og það er skilgreint í íslenskum reglum um neysluvatn, **ekki efnisleg grunnvirki í skilningi þessara laga.**“



markaðarins til lengri tíma, verði nú með lagaboði skikkuð til þess að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum, sem af einhverjum orsökum hafa ákveðið að bíða með eða fresta fjárfestingum í fjarskiptanetum, aðgang að eignum samkeppnisaðila, sem þeir nota til að bjóða fjarskiptaþjónustu á markaði. Slíkt lagalegt umhverfi gæti gefið röng skilaboð og unnið gegn tilgangi innviða- og EECC-tilskipunarinnar að hvetja til fjárfestinga í grunninnviðum fjarskiptaneta og þannig skapa virka samkeppnismarkaði fyrir fjarskiptaþjónustu.

Að auki myndu lög sem myndu mæla fyrir aðgang að svörtum ljósleiðara ganga þvert á skýran texta tilskipunarinnar og því fela í sér bæði ranga innleiðingu á efni tilskipunarinnar í íslenskan rétt og brot á efni samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Bent hefur verið á það í umsögnum að tilskipunin hafi verið innleidd í öðru Evrópussambandsríki með þeim hætti að hún næði líka yfir aðgang að svörtum ljósleiðara. Skv. upplýsingum frá Austurríska fjarskiptaeftirlitinu (e. Austrian Regulatory Authority for Broadcasting and Telecommunications) var það af þeim orsökum að fjarskiptalöggjöf Austurríkis hafði, þegar innviðatilskipunin var innleidd 2015, þá þegar kvöð um slíkan aðgang. Því var hér um að ræða aðlögun að sérstökum aðstæðum í löggjöf Austurríkis sem náði lengra en tilskipunin. Önnur ríki Evrópusambandsins hafa innleitt tilskipunina með þeim hætti að ekki er hróflað við því að svartur ljósleiðari falli ekki undir passíva innviði, enda gengi slíkt gegn markmiðum tilskipunarinnar eins og lýst hefur verið hér að framan.

Frumvarpið, sem felur í sér hagkvæma samnýtingu á innviðum, mun að óbreyttu leiða til verulegrar lækkunar á kostnaði við uppbyggingu háhraðaneta. Það styður við þann lagaramma sem þegar hefur verið lagður af hálfu Evrópubandalagsins um öflugan samkeppnismarkað á sviði fjarskipta sem meginstoðina undir samfélag sem mun leggja enn meira traust á að til staðar séu örugg og öflug fjarskiptanet þar sem raunveruleg samkeppni ríkir á bæði framboðs- og eftirspurnarhlið þeirra samkeppnismarkaða sem þar eru og munu verða.

Frumvarpið í núverandi mynd styður við stefnu og markmið stjórnvalda

Gagnaveitan telur frumvarpið í þeirri mynd sem það hefur verið lagt fyrir Alþingi, muni að meginstefnu styðja við metnaðarfull markmið stjórnvalda um að byggja upp háhraða fjarskiptanet fyrir landið allt. Benda má á að Gagnaveitan og Míla ehf., en fyrirtækin eru samkeppnisaðilar á heildsölumarkaði fjarskiptaneta, hafa á grundvelli undanþágu Samkeppniseftirlitsins frá 2018, unnið að því í samstarfi að leggja tvö sjálfstæð og óháð fjarskiptanet á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækin hafa í mörgum tilfellum lagt lagnir í sameiginlega skurði í samstarfsverkefnum með veitufyrirtækjum, í nýbyggingum, endurnýjun lagna, gatna og göngustíga, nánast frá upphafi ljósleiðaravæðingar Gagnaveitunnar.

Afrakstur samstarfsins er að í einni framkvæmd eru nú lögð tvö sjálfstæð ljósleiðaranet. Þegar sameiginlegum framkvæmdum lýkur eru komin upp tvö sjálfstæð og óháð háhraða fjarskiptanet í samkeppni hvort við annað bæði á heildsölu og smásölustigi. Með þessum samræmdu aðgerðum hafa sparast miklir fjármunir og sýnir að hægt er að ná því markmiði að lækka kostnað við



uppbyggingu háhraðaneta á sama tíma og virkum fjarskiptanetum er fjölgað. Dæmi um svæði sem hafa klárast með þessum hætti eru stór svæði á höfuðborgarsvæðinu og fyrirhugað er að ljúka lagningu ljósleiðara í Reykjanesbæ og Árborg með sama hætti.

Frumvarpið mun auðvelda uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta á landsbyggðinni

Frumvarpið, verði það að lögum, mun leggja grunninn að því að hægt verður að ná fram enn frekari hagræðingu og nýtingu á innviðum við uppbyggingu háhraðaneta. Þannig verður hægt að nýta alla innviði, ekki bara innviði sem eru á höndum fjarskiptafyrirtækja, heldur einnig innviði veitufyrirtækja eins og hita- og vatnsveitna, rafmagnsveitna, innviði sveitarfélaga og annarra opinberra aðila. Nú er uppbyggingu ljósleiðaranets að mestu lokið á höfuðborgarsvæðinu og svæðum í nágrenni þess.

Næsta áskorun er að klára lagningu háhraðaneta yfir landið allt. Mikilvægt er að nýta þá þekkingu og reynslu sem skapast hefur við lagningu ljósleiðara á höfuðborgarsvæðinu. Gagnaveitan telur að frumvarpið, sem í þeirri mynd sem það var lagt fyrir Alþingi og byggt er á innviðatilskipuninni, muni leiða til þess að hægt verði að ná verulega niður kostnaði við lagningu háhraðaneta út á landi og þannig tryggja öllum landsmönnum, opinberum stofnunum, fyrirtækjum og neytendum, óháð búsetu, aðgang að öflugri og öruggri fjarskiptaþjónustu. Tryggja verður að þegar þeirri uppbyggingu og fjárfestingu verður lokið að þar verði til staðar og þrífist raunveruleg samkeppni um fjarskiptaþjónustu sem nái einnig til landsbyggðarinnar, en verði ekki bara bundin við þéttbýlustu svæði landsins.

Að lokum óskar Gagnaveitan sérstaklega eftir því að fá að koma fyrir nefndina til þess að kynna og fara yfir með nefndinni frekar þau sjónarmið og atriði sem félagið telur máli skipta við í tengslum við meðferð frumvarpsins.

Undirritaður veitir góðfúslega allar frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

F.h. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf.,
Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri